


 The logo for TROMP is displayed in a white rectangular box. The letters are in a bold, orange, sans-serif font. The letter 'O' is replaced by a white five-pointed star inside a circular orange shape. The background of the top half of the page is a vibrant orange with a large, detailed image of the moon on the left side.

Tromp er nýtt nám í nýsköpun og skapandi verkefna- og viðburðastjórnun

Hvað er Tromp?

Tromp er diplómanám hjá Keili í nýsköpun og skapandi verkefna- og viðburðastjórnun. Mikil áhersla er lögð á praktik þar sem nemendur vinna verkefni fyrir samstarfsaðila námsins ásamt eigin lokaverkefni sem getur verið hugmynd að vöru eða stjórnun verkefnis eða viðburðar. Námið er lánshæft hjá LÍN.

Sérstaða námsins:

- Lítill og þéttur hópur nemenda
- Reynsluboltar úr atvinnulífinu kenna
- Nemendur takast á við alvöru verkefni fyrir alvöru fyrirtæki
- Blanda af fjarnámi og staðarnámi
- Hægt að stunda með vinnu

Gæti námið verið eitthvað fyrir þig?

Markmiðið með náminu er að skapa framúrskarandi verkefna- og viðburðastjóra sem geta tekið hugmynd sem fæðist, þróað áfram, hrint í framkvæmd og fylgt eftir frá A-Ö, oft undir miklu álagi. Hugmyndin gæti verið að vöru sem lýkur þá með frumgerð, viðburður sem haldinn er eða verkefni.

Dæmi um slíkt eru bæjarhátíðir, stórir íþróttaviðburðir, kosningaherferðir, hvataferðir fyrirtækja og árs hátíðir, ráðstefnur og lista- og menningarhátíðir. Hönnun námsins er byggð á niðurstöðum úr viðtölum við stjórnendur ýmissa fyrirtækja á Íslandi.



“Education is the system that's supposed to develop our natural abilities and enable us to make our way in the world. Instead, it is stifling the individual talents and abilities of too many students and killing their motivation to learn.”

- Sir Ken Robinson

Kennslufyrirkomulag

Vinnuálagið í náminu er sambærilegt 60 ECTS eininga námi. Námið er kennt á þremur 20 eininga önnum, haust-, vor- og sumarönn. Í grunninn er námið byggt á fjarkennslu en kennsla fer einnig fram í staðarlotum aðra hverja viku frá fimmtudegi til laugardags.

Í kennslunni er lögð áhersla á:

- Gott jafnvægi á milli bókalesturs, fyrirlestra og raunverkefna fyrir samstarfsfyrirtæki.
- Persónulegan þroska, þar sem hver nemandi skilgreinir og vinnur með sína styrkleika og veikleika og setur sér markmið .
- Að nemendur fái að prófa aðferðir og þekkingu í gegnum raunveruleg verkefni.
- Að nemendur vinni með sitt áhugasvið og lagið námið að því.
- Hópavinnu því það er jú þannig sem flest öll verkefni vinnast.
- Kennara sem hafa reynslu úr atvinnulífinu og geta miðlað henni.

Dæmi um áherslur í náminu

Verkefnastjórnun, viðburðastjórnun, markaðssetning, markmiðasetning, fjármál og rekstur, stofnun fyrirtækja, þróun og sala hugmynda, tjáning, líkamsbeiting, hreyfing, margmiðlun, stjórnun og stefnumótun, samskipti, samningalist, leiðtogafræði, krísustjórnun, vinnumenning og gerð viðskiptaáætlanna.

LÆRÐU AF REYNSLUNNI. TROMP ER ÓHEFÐBUNDIÐ OG HAGNÝTT NÁM FÜRIR ELDHUGA SEM ÞORA AÐ FARA NÝJAR LEIÐIR OG LÁTA TIL SÍN TAKA.

Nánari upplýsingar eru að finna á:
www.tromp.is

Ertu alltaf að fá hugmyndir?

Langar þig að hrinda þeim í framkvæmd en veist ekki alveg hvernig?

Viltu efla tengslanetið þitt?

Viltu setja þér háleit markmið og ná þeim?

Skortir þig reynslu?

Viltu efla þig í núverandi starfi?

Viltu læra af reynslunni en ekki bara bókum?

Þá gæti Tromp verið eitthvað fyrir þig!



Keilir

Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs